**151. löggjafarþing 2020–2021.**
**Þingskjal 1354 — 536. mál.**

# Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla (inntökuskilyrði).**

(Eftir 2. umræðu, 4. maí.)

I. KAFLI
**Breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006.**
1. gr.

Í stað orðanna „jafngildu prófi“ í 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniþrepi.

II. KAFLI
**Breyting á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.**
2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „öðru jafngildu prófi“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: staðist lokapróf frá framhaldsskóla á 3. hæfniþrepi.
b. A-liður 3. mgr. orðast svo: kröfur um efni lokaprófs frá framhaldsskóla á 3. hæfniþrepi auk viðbótarkrafna, þegar við á, um undirbúning fyrir einstakar námsleiðir í grunnnámi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.